

Endurútgáfa framkvæmdaleyfis: Hringvegur (1) um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda.

Greinargerð með framkvæmdaleyfi
Viðauki við greinargerð bæjarstjórnar dags. nóvember 2016

Nóvember 2021

1. Afgreiðslu bæjarstjórnar

Við afgreiðslu umsóknar Vegagerðarinnar var m.a. farið yfir eftirfarandi þætti

- Farið var yfir hvort að framlögð gögn lýsi breytingu á efnistöku á fullnægjandi hátt.
- Samræmi framkvæmdar við matsskýrslu Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar dags. 7.8.2009.
- Samræmi framkvæmdar við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 og deiliskipulagsáætlanir fyrir efnistöku í Skógey, Hornafjarðarfljóti og Djúpá.
- Tryggt að gætt hafi verið að ákvæðum laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem til álita koma.
- Tryggja að dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er.
- Hvort þörf sé á umsögnum fagstofnana eða öðrum leyfum.

2. Umsókn Vegagerðarinnar

Í umsókn Vegagerðarinnar er óskað eftir heimild til að auka efnistöku í eftirfarandi námum: Hólmsá, Hornafjarðarfljót, Djúpá og Skógey. Jafnframt er óskað eftir að í endurútgáfu verði framkvæmdatími framlengdur. Auk ofangreindra gagna vísar Vegagerðin í gögn sem fylgdu með umsókn árið 2016.

3. Fullnægjandi gögn

Gögn með umsókn Vegagerðarinnar eru fullnægjandi skv. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmd er sú sem lýst er í matsskýrslu Vegagerðarinnar (2009) og álit Skipulagsstofnunar fjallar um. Fram kemur að Vegagerðin vinnur að umsókn um leyfi hjá Fiskistofu og mun sjá til þess að starfsleyfi HAUST liggja fyrir vegna vinnslu jarðefna, verði þess þörf.

4. Samræmi við skipulagsáætlanir

Bæjarstjórn hefur farið yfir samræmi framkvæmdar við skipulagsáætlanir í sveitarfélaginu. Þær eru í fullu samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 og deiliskipulagsáætlanir fyrir efnistöku í Skógey, Hornafjarðarfljóti og Djúpá. Í umsókn um leyfi er óskað eftir heimild til að auka efnismagn úr eftirfarandi námum frá fyrri umsókn Vegagerðarinnar. Ekki eru gerðar breytingar á stærð efnistökusvæða.

Náma	Umsókn Vegagerðarinnar	Aðalskipulag Heimild	Deiliskipulag Heimild	Mat á umhverfis-áhrifum
Hornafjarðarfljót (E34)	Úr 350.000 í 450.000 m ³	>150.000 m ³	450.000 m ³	450.000 m ³
Skógey (E35)	Úr 120.000 í 140.000 m ³	>150.000 m ³	190.000 m ³	218.500 m ³
Djúpá (E44)	Úr 160.000 í 200.000 m ³	>150.000 m ³	200.000 m ³	200.000 m ³
Hólmsá (E48)	Úr 30.000 í 50.000 m ³	50.000-150.000 m ³	Ekki þörf á deiliskipulagi	50.000 m ³

Samkvæmt flokkun Vegagerðarinnar hafa námur E34 og E48 mjög lítið verndargildi og námur E35 og E44 meðal verndargildi.

5. Samræmi milli leyfis og álits Skipulagsstofnunar

Varðandi samræmi leyfis við álit Skipulagsstofnunar er vísað í kafla 6 í greinargerð með framkvæmdaleyfi Hringvegur, dags. í nóvember 2016. Umsókn Vegagerðar, dags. nóvember 2021, um endurútgáfu framkvæmdaleyfis og umfang framkvæmdar leiða ekki til breytinga á rökstuddri afstöðu bæjarstjórnar.

6. Ákvæði laga um náttúruvernd og annarra laga

Bæjarstjórn hefur við ákvörðun litið til ákvæða laga sem eiga við framkvæmdina.

Afmörkun framkvæmdasvæða er óbreytt, þannig að ekki verður breyting á stærð raskaðs svæðis. Ekkert efnistökusvæða eru á svæðum á náttúruminjaskrá eða eru friðlýst. Ekki eru skráðar fornleifar innan efnistökusvæða. Vegagerðin vinnur að umsókn um endurnýjun leyfis hjá Fiskistofu skv. lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Umfang efnistöku sem sótt er um er í samræmi við umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum og skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Þar með er ekki þörf á að kanna matsskyldu breytinga skv. lögum nr. 111/2021 eða breyta skipulagsáætlunum skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

7. Framkvæmdatími

Bæjarstjórn telur brýnt að ljúka sem allra fyrst við framkvæmdir til að ná fram þeim mikilvægu samgöngubótum sem felast í framkvæmd og samþykkir að gildistími endurútgefins leyfis verði til loka árs 2025. Tefjist framkvæmdir skal Vegagerðin upplýsa leyfisveitanda sem fyrst og þá er heimilt að framlengja framkvæmdatímann.

Ef til þess kemur að framkvæmdin stöðvist í eitt ár eða lengur getur bæjarstjórn, að tillögu umhverfis- og skipulagsnefndar, með þriggja mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa eða fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.

8. Ákvörðun um framkvæmdaleyfi

Ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis byggir á fyrirliggjandi gögnum og sömu forsendum og upplýsingum sem stuðst var við í ákvörðun um framkvæmdaleyfi 2016. Inntak framkvæmdarinnar er óbreytt og ljóst að í umfangsmiklum framkvæmdum kunna að verða einhverjar breytingar á framkvæmd.

Bæjarstjórn vísar til þess að sömu skilyrði verði sett í endurútgefnu framkvæmdaleyfi.